

## Úrskurður

### áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 9/2007

**FL Group hf.**

gegn

### Samkeppniseftirlitinu

#### I.

#### Hin kærða ákvörðun og kröfur málsaðila

Með bréfi, dagsettu 14. desember 2007, hefur FL Group hf. kært ákvörðun Samkeppniseftirlitsins sem fram kom í bréfi stofnunarinnar til fyrirtækisins dagsettu 21. nóvember 2007 þess efnis að samrunatilkynning fyrirtækisins frá 25. september 2007 hafi verið ófullnægjandi og að það skuli skila fullnægjandi samrunatilkynningu fyrir 4. desember 2007.

Af hálfu áfrýjanda er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og staðfest að samrunatilkynningin hafi verið fullnægjandi.

Af hálfu Samkeppniseftirlitsins er þess krafist að staðfest verið að samrunatilkynning áfrýjanda hafi verið ófullnægjandi.

## II.

### Helstu málavextir

Áfrýjandi lýsir málavöxtum svo að hinn 16. september 2007 hafi hann keypt 39,77% hlut Glitnis banka hf., 2,51% hlut Samherja hf. og 3,89% hlut Hnotskurnar ehf. í Tryggingamiðstöðinni hf., samtals 46,17% af hlutum í fyrirtækinu. Hinn 10. sama mánaðar hafi áfrýjandi aukið hlut sinn í Kjarrhólma ehf. og eigi nú 100% í félaginu en það hafi átt fyrir eignarhlut í Tryggingamiðstöðinni hf. Hafi áfrýjandi með þessu eignast alls 83,7% hlut í Tryggingamiðstöðinni hf., þar af 46,17% í eigin nafni og 37,57% í nafni Kjarrhólma ehf. Hafi samruninn verið tilkynntur Samkeppniseftirlitinu hinn 25. september 2007 og sé sú tilkynning umfjöllunarefni kæru þessarar.

Hinn 27. september 2007 hafi Samkeppniseftirlitið tilkynnt áfrýjanda að samrunaskrá hans væri ófullnægjandi og hafi því verið beint til hans að leggja fram frekari upplýsingar. Jafnframt hafi verið bent á að að frestur stofnunarinnar til athugunar á samkeppnislegum áhrifum samrunans samkvæmt 3. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 hæfist ekki fyrr en fullnægjandi tilkynning bærist. Ennfremur að Samkeppniseftirlitinu væri heimilt samkvæmt 37. gr. laganna að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða hópa fyrirtækja sem brjóti gegn skyldu til að tilkynna samruna.

Áfrýjandi hafi svarað framangreindu bréfi Samkeppniseftirlitsins með bréfi þann 10. október 2007. Í bréfinu hafi sjónarmið hans verið rakin og þess óskað að Samkeppniseftirlitið staðfesti að frestur þess hafi byrjað að líða þann 25. september 2007 og að samrunaskráin hafi verið fullnægjandi. Ef ekki yrði fallist á það hafi til vara verið óskað eftir því að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá 27. september yrði rökstudd með vísan til 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Hinn 21. nóvember 2007 hafi áfrýjanda borist bréf frá Samkeppniseftirlitinu þar sem ákvörðun stofnunarinnar frá 27. september 2007 hafi verið rökstudd. Sé þar ítrekað að 30 daga frestur Samkeppniseftirlitsins til að meta hvort tilefni sé til að rannsaka frekar samkeppnisleg áhrif samrunans hafi ekki hafist þann 25. september 2007. Hafi verið

skorað á áfrýjanda að tilkynna Samkeppniseftirlitinu með fullnægjandi hætti um samrunann og honum veittur frestur til 4. desember 2007 til að skila fullnægjandi samrunatilkynningu. Á það hafi verið bent að búast mætti við því að Samkeppniseftirlitið myndi beita þvingunarráðstöfunum samkeppnislaga ef áfrýjandi yrði ekki við áskoruninni og að eftirlitið myndi í sérstöku máli taka til skoðunar hvort rétt væri að leggja á hann sektir.

Um kæruheimild vísar áfrýjandi til 1. mgr. 9. gr. samkeppnislaga. Hin kærða ákvörðun feli í sér sér ákvörðun um réttindi og skyldur hans og sé stjórnvaldsákvörðun í skilningi stjórnisýsluréttar. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hafi í fyrri úrskurðum sínum lagt áherslu á að túlka verði kæruheimild 1. mgr. 9. gr. samkeppnislaga rúmt, sbr. úrskurð nefndarinnar í máli nr. 17/2002. Skiptir þar engu hvort um form- eða efnisákvörðun sé að ræða. Hin kærða ákvörðun varði mikilvæga hagsmuni áfrýjanda og feli í sér lokaákvörðun um að samrunaskráin hafi verið ófullnægjandi.

Af hálfu Samkeppniseftirlitsins er hvað kæruheimild varðar vísað til þess að ljóst sé að ekki sé um að ræða lyktir þessa samrunamáls. Meginreglan sé sú að aðeins endalegar ákvarðanir á fyrsta stjórnisýslustigi sæti kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála, sbr. til úrskurð nefndarinnar í máli nr. 17/2005. Hins vegar beri að líta til þess að í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 22/2005 hafi verið talið að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um tilkynningaskyldu á samruna sæti kæru til nefndarinnar. Með hliðsjón af því fordæmi fái stofnunin ekki betur séð en að unnt sé að skjóta þessu máli til nefndarinnar.

Mál þetta var flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefndinni. Greinargerð Samkeppniseftirlitsins barst 14. janúar 2008, athugasemdir áfrýjanda 22. janúar 2008 og athugasemdir Samkeppniseftirlitsins 28. janúar 2008.

### **III.**

#### **Niðurstaða**

Í 1. mgr. 9. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 segir að ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins skuli sæta kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Skrifleg kæra skuli berast innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina og að úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála skuli liggja fyrir innan sex vikna frá málskoti.

Ákvæði þetta tekur fyrst og fremst til stjórnsluákvarðana sem binda enda á viðkomandi deilumál, sbr. úrskurð nefndarinnar nr. 17/2002 frá 23. nóvember 2002. Frá þessu verður ekki vikið nema nauðsynlegt þyki fyrir áframhaldandi meðferð þess máls sem til meðferðar er. Þau sjónarmið þykja ekki eiga við í máli þessu. Verður af þessum sökum að vísa málinu, án kröfu, frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

#### **Úrskurðarorð:**

Hinni kærðu ákvörðun er vísað frá áfrýjunarnefnd samkeppnismála.

Reykjavík, 1. febrúar 2008

Páll Sigurðsson

Anna Kristín Traustadóttir

Lárus L. Blöndal